



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Landshorna á milli

Tónleikaferð 26. – 29. október 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Blow bright: 10'

Klarínettkonsert: 27'

Sinfónía: 45'

Sinfóníuhljómsveit Íslands þakkar þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg til að gera tónleikaferðina mögulega. Sveitarfélögunum er þakkað sérstaklega.

Flugfélag Íslands ljær Sinfóníunni vængi á ferðalaginu Landshorna á milli.

Mynd á kápu: Hrafnkell Orri Egilsson, selló, Herdís Anna Jónsdóttir, víola, Júlía Mogensen, selló, Páll Hannesson, bassi, Hávarður Tryggvason, bassi, Þórir Jóhannsson, bassi og Jóhannes Georgsson, bassi.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Landshorna á milli

Íþróttahúsið Torfnesi, Ísafirði 26. okt. » 20:00

Menningarhúsið Hof, Akureyri 27. okt. » 18:00

Íþróttamiðstöðin Tjarnarbraut, Egilsstaðir 29. okt. » 18:00

Daníel Bjarnason hljóm Sveitarstjóri

Arngunnur Árnadóttir einleikari

Daníel Bjarnason

Blow bright (2013)

W.A. Mozart

Klarínettkonsert í A-dúr (1791)

Allegro

Adagio

Rondo. Allegro

Hlé

Pjotr Tsjaikovskíj

Sinfónía nr. 4 í f-moll op. 36 (1877–78)

Andante sostenuto – Moderato con anima

Andantino in modo di canzone

Scherzo: Pizzicato ostinato – Allegro

Finale: Allegro con fuoco

Arna Kristín Einarsdóttir

framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Kæri tónleikagestur.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er í sannkölluðu hátíðarskapi. Stjórnandi tónleikanna Daníel Bjarnason, starfandi staðarlistamaður hljómsveitarinnar og Arngunnur Árnadóttir, fyrsti klarínnettuleikari hljómsveitarinnar ásamt hljómsveitarmeðlimum eru svo sannarlega landslið íslensks tónlistarlífs. Verkin á efnisskránni koma úr ólíkum áttum og spanna langt tímabil í hinni vestrænu tónlistarsögu. Verk Daníels er fyrir stóra sinfóníuhljómsveit með fyrirferðarmiklu slagverki, klarínnettukonsert Mozarts er kristalstær og sinfónía Tsjajkovskíjs númer fjögur er einhver magnaðasti tónvefur tónlistarsögunnar. Það er því óhætt að segja að Sinfóníuhljómsveitin sé með sannkallaða veislu í farteskinu.

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst í Ríkistúvarpinu þegar stofnuð var útvarpshljómsveit sem síðar varð grunnurinn að Sinfóníuhljómsveit Íslands. Starfsemi hljómsveitarinnar hefur því verið samofin Ríkisútvarpinu í gegnum tíðina og tónleikum hljómsveitarinnar verið útvarpað beint á Rás 1 frá upphafi. Það eru því ekki aðeins tónleikagestir okkar í Eldborg sem njóta heldur hlusta einnig fjölmargir á beinar útsendingar hljómsveitarinnar í útvarpinu um land allt, á miðum úti og víðar. Síðustu misseri höfum við einnig unnið að því að auka sýnileika okkar á sjónrænum miðlum svo sem með beinum sjónvarpsútsendingum og á Vefnum. Tónleikaferð sem þessi gefur okkur ómetanlegt tækifæri til að komast í snertingu við tónlistarunnendur um land allt.

Það má með sanni segja að í sinfónískri list nái mannsandinn ákveðnu hámarki. Galdurinn við sinfóníur er sá, að þau listaverk er hægt að endurskapa í lifandi flutningi hljóðfæraleikara í Eldborgarsal Hörpu, íþróttahúsinu á Ísafirði, Hofi á Akureyri eða íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum. Við sem fáum að njóta þurfum ekki annað en að hlusta og láta hrífast með.

Daníel Bjarnason

hljómssveitarstjóri



 @DanielBjarnason

Tónlistin á Íslandi

Daníel Bjarnason mun stjórna Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Menningarhúsinu Hofi í apríl nk. í sannkallaðri Mozartveislu. Á tónleikunum hljóma mörg af vinsælustu verkum meistarans en einleikari á tónleikunum verður Eva Guðný Þórarinsdóttir, fiðluleikari.

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómssveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómssveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004-2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómssveita og má þar m.a. nefna Los Angeles Philharmonic, New York Philharmonic, Toronto Symphony Orchestra, Melbourne Symphony Orchestra, BBC Scottish Symphony Orchestra, Residentie Orkest, Ulster Orchestra, Winnipeg Symphony Orchestra, Adelaide Symphony Orchestra, Britten Sinfonia og Sinfonietta Cracovia auk Hljómssveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Einnig hefur hann starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder, Ilan Volkov og Alexander Mickelthwate auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómssveitir á borð við Sigurrós, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur einnig stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á *Ástardrykknum*, *Rigoletto*, *Töfraflautunni* og *La bohème*. Daníel hefur gefið út þrjár plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, Processions (2010), Solaris (2012) og Over Light Earth (2013). Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir sem slíkur margþættu hlutverki bæði sem hljómssveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómssveitarinnar og stýra tónskáldastofu.

Arngunnur Árnadóttir

einleikari



 @AKArngunnur

Arngunnur Árnadóttir er fædd í Reykjavík árið 1987. Hún byrjaði að læra á klarínett átta ára gömul hjá Hafsteini Guðmundssyni. Síðar lærði hún hjá Kjartani Óskarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og Einari Jóhannessyni við Listaháskóla Íslands. Hún stundaði framhaldsnám við Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín hjá Ralf Forster og Wenzel Fuchs og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn sumarið 2012.

Arngunnur hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars sem sigurvegari í einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands. Hún hefur flutt kammermúsík í Berlín, Amsterdam, London og á Íslandi, þar á meðal á vegum Kammersveitar Reykjavíkur og á Podium Festival. Auk klassískrar tónlistar hefur Arngunnur leikið dægurtónlist með hljómsveitunum Hjaltalín og Samaris.

Frá árinu 2012 hefur Arngunnur starfað sem fyrsti klarínett-leikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hún er einnig ljóðskáld og hefur hlotið mikla athygli fyrir störf sín á þeim vettvangi. Arngunnur flutti klarínettukonsertinn eftir Mozart á áskriftartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í september og á opnum hádegistónleikum hljómsveitarinnar við frábærar undirtektir undir stjórn Corneliusar Meister.

Daníel Bjarnason

Blow bright



Daníel Bjarnason samdi *Blow bright* að beiðni Fílharmoníu-hljómsveitarinnar í Los Angeles sem frumflutti verkið 19. desember 2013 í Walt Disney tónleikahúsinu undir stjórn Gustavos Dudamel. Hljómsveitin flutti verkið einnig á ferðalagi sínu um N-Ameríku vorið 2014.

Titillinn er tekinn úr næstsíðustu línu kvæðisins *Night-Music* eftir Philip Larkin:

„Blow bright, blow bright
The coal of this unquicken world.“

„Blossið björt, blossið björt,
kol þessa ólífnaða heims.“

Þýð. Reynir Axelsson

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt fjögur verk Daníels Bjarnasonar. Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik í píanókoncert Daníels á Myrkum músíkdögum árið 2009. Hljómsveitarverkið *Emergence* var sömuleiðis flutt á Myrkum músíkdögum árið 2011 og endurtekið á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni um haustið ásamt tónverkinu *Processions*. Þá flutti hljómsveitin ásamt Hamrahlíðarkórunum *The Isle is Full of Noises* á Myrkum músíkdögum í janúarlök 2014. Daníel stjórnaði flutningi verka sinna í öll skiptin.

Mest leikna verk Daníels á heimsvísu, *Bow to String*, var frumflutt í hljómsveitarútgáfu á tónlistarhátíðinni við Djúpið á Ísafirði, 2009, af kammersveitinni Ísafold og Sænni Þorsteinsdóttur.

W.A. Mozart

Klarínettkonsert



Á síðustu áratugum 18. aldarinnar tók nýtt hljóðfæri, klarínett, að ryðja sér til rúms. Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hafði fyrst samið fyrir slíkan grip árið 1771 en það var ekki fyrr en löngu síðar að hann komst í kynni við fyrsta flokks einleikara sem varð hvatinn að konsertinum sem hljómar í kvöld. Anton Stadler var frímúrari eins og Mozart, dáður klarínettleikari og fastráðinn við hljómsveit Golítsyn prins, rússneska sendiherrans í Vínarborg.

Mozart hafði varla samið neitt að ráði árið 1790. Síðasta árið sem hann lifði var hagur hans aftur tekinn að vænkast og nú runnu meistaraverkin fram eitt af öðru. Það var eftir heimkomuna frá Prag, þar sem óperan *La clemenza di Tito* var frumsýnd, sem Mozart tók að semja klarínettkonsertinn. Þetta voru annasamir mánuðir í lífi tónskáldsins; *Töfrafautan* var fullgerð í lok september og fáeinum vikum síðar var konsertinn til reiðu. Hann var síðasta verkið í stóru formi sem Mozart náði að ljúka við áður en hann lést. Hann veiktist 20. nóvember og tveimur vikum síðar var hann allur.

Klarínettkonsertinn er bjartur og heiðskír. Fyrsti þátturinn er næstum ójarðneskur, upphafin fegurðin engu lík. Aldrei hafði hann áður notað flautur af slíkri nærgætni í hljómsveitarmeðleik; aldrei hafði hann heldur léð undirstöðu hljómanna svo gegnsæjan blæ með því að nota selló án kontrabassa. Hægi kaflinn er Adagio, sem er fremur sjaldsæð hraðaforskrift hjá Mozart og til marks um að hér sé alvara á ferð. Rondóíð er glaðvært, en um leið friðsælt og býr yfir djúpri visku. Varla er hægt að hlýða á slíka tónlist án þess að minnst þess að hér er á ferðinni svanasöngur eins mesta tónsnillings allra tíma. Svo vitnað sé í tónlistarfræðinginn H.C. Robbins Landon: „Hér brosir tónlistin gegnum tárin.“

Tónlistin á Íslandi

Það var Elísabet Haraldsdóttir sem fyrst lék klarínettkonsert Mozarts með SÍ, í Austurbæjarbíói árið 1953. Síðan hafa m.a. leikið einleik í verkinu Egill Jónsson (1956), Einar Jóhannesson (1984, 1985 og 2001), Sigurður I. Snorrason (1997) og Martin Fröst (2009).

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 4



Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin hefur margoft flutt fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs.

Meðal stjórnenda má nefna

Alfred Walter (1969), Karsten

Andersen (1985), Robert Henderson

(1997), Rico Saccani (2001) og

Vladimir Ashkenazy (2006).

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék

verkið undir stjórn Guðmundar Óla

Gunnarssonar árið 2008.

Fjórða sinfónía Pjotr Tsjajkovskíjs (1840–93) hefur löngum verið talin sjálfsævisöguleg og skipar sér þannig í hóp verka á borð við fimmtu sinfóníu Beethovens og *Draumórasinfóníu* Berlioz. Varla er hægt að hugsa sér annað en að dramatískir atburðir ársins 1877 hafisettmarksitt á tónsköpun Tsjajkovskíjs. Í desember 1876 hóf hann bréfaskipti við auðuga ekkju að nafni Nadezhda von Meck, sem var mikill tónlistarunnandi og yfir sig hrifin af Tsjajkovskíj og tónlist hans. Þau skrifuðust á í 14 ár og frú Meck styrkti Tsjajkovskíj um 500 rúblur á mánuði, með því eina skilyrði að þau hittust aldrei. Frá þessu hvikaði hún aldrei, jafnvel þótt kringumstæður væru næsta fátánlegar. Þegar frænka Tsjajkovskíjs giftist Nikolaj von Meck, syni frúarinnar, lét ekkjan sig vanta í brúðkaupið fremur en eiga það á hættu að rekast á tónskáldið sem hún dáði svo mjög.

Fjórða sinfónían var fyrsta tónverkið sem Tsjajkovskíj samdi eftir að bréfastyngi tókust með honum og frú Meck, og í bréfum sínum til hennar talar hann iðulega um „sinfóníuna okkar“. En það voru ekki samskipti við auðuga ekkju sem gerðu Tsjajkovskíj lífið óbærilegt snemma árs 1877, heldur bréf sem honum barst frá stúlku að nafni Antonína Ívanovna Miljúkova, sem var fyrrum nemandi Tsjajkovskíjs við Tónlistarháskólann í Moskvu. Í því játaði hún ást sína – á ekki ósvipaðan hátt og Tatjana í sögu Púskins um Jevgéní Ónegin, sem Tsjajkovskí var einmitt að breyta í óperu um sama leyti – og hóttaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvæntist henni. Tsjajkovskíj hneigðist til karla en lét til leiðast; hjónabandið var hreinasta martröð og stóð raunar ekki nema í tvær vikur. Sagan segir eitt kvöldið hafi hann staðið svo klukkutímum skipti í ánni Moskvu, staðráðinn í því að binda enda á líf sitt.

Það var í aðdraganda þessa ógæfusama hjónabands sem Tsjajkovskíj samdi „örlagasinfóníu“ sína. Skýringin sem hann gaf frú Meck á innihaldi fyrsta þáttar vísar með augljósum hætti í undangengna atburði. Tvö öfl eigast hér við – maðurinn og örlög hans, „þetta óstöðvandi afl sem hindrar hamingju

okkar.“ Dramatískur lúðrablastur upphafsins er hið eiginlega „örlagastef“ en aðalstef kaflans (Moderato con anima) er söguhetjan/tónskáldið. Togstreitan á sér stað á ýmsum sviðum. Tónlistarfræðingurinn Richard Taruskin hefur bent á að bæði stefin eru dansar – lúðrastefið er pólónesa og strengjastefið vals. Í úrvinnsluhluta fyrsta þáttar nær tónskáldið fram áhrifamiklum hápunkti þegar þessi tvö stef „rekast“ hvort á annað, og það þrisvar sinnum. Að lokum virðist sem örlögin hafi haft sigur í viðureigninni. Þegar valsinn hljómar undir lok þáttarins eru nóturnar þrisvar sinnum lengri en áður – þ.e.a.s. hann hljómar í tempói örlagastefsins. Hér er engu líkara en að örlögin hafi borið söguhetjuna ofurliði.

Síðari þættir sinfóníunnar eru með hefðbundnara sniði. Hægi þátturinn er tregafullur með eftirminnilegu óbóstefti í upphafi, en scherzó-þátturinn einkennist af pizzicato-spili strengjahljóðfæra. Í lokþættinum er í aðalhlutverki rússnesk þjóðlag. Á akkrinum stóð birkitré. Ekki var það í fyrsta sinn sem rússnesk tónskáld sóttu í þjóðararfinn í sinfónískum tónsmíðum sínum. Tsjaikovskij hafði sjálfur notað þjóðlög sem efnivið í lokþátt í tveimur af fyrri sinfóníum sínum, auk þess sem Mily Balakirev notaði lagið um birkitréð í *Forleik um rússnesk stef* árið 1858.

Árni Heimir Ingólfsson



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð 1950, sex árum eftir stofnun hins íslenska lýðveldis. Á þessum 65 árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands orðið ein af grunnstoðum íslensks menningarlífs.

Sinfóníuhljómsveitin er skipuð um níutíu hljóðfæraleikurum, heldur vel á sjöunda tug tónleika á hverju starfsári og hljóðritar fyrir Ríkisútvarpið og alþjóðleg útgáfufyrirtæki ásamt því að fara í tónleikaferðir jafnt innan lands sem utan. Hljómsveitin heldur úti metnaðarfullu fræðslustarfi með skólatónleikum og barna- og fjölskyldutónleikum og samstarfi við unga tónlistarnema.

Hljómsveitin hefur vakið alþjóðlega athygli og laðar til sín hljómsveitarstjóra og einleikara á heimsmælikvarða. Í byrjun næsta starfsárs, 2016, tekur franskur hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir henni til næstu þriggja ára. Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä er aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar og heiðursstjórnandi er Vladimir Ashkenazy.

Hljómsveit á tónleikum

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Martin Frewer
Mark Reedman
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Christian Diethard

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdís Hildur Runólfsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sigursveinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

Nærmynd

Rúnar H. Vilbergsson, fagottleikari



Rúnar fæddist og ólst upp á Ísafirði. Á unglingsárum lék hann á trommur og varð gagntekinn af rokk- og poppmúsík. Um tvítugsaldurinn tók hann inntökupróf í Tónlistarskólann í Reykjavík eftir að hafa lært nokkra vormánuði á fiðlu hjá tékkneskum víóluleikara sem bauðst til að kenna honum frítt.

„Við unnum saman á trésmíðaverkstæði en þangað kom hann á hverjum degi, eftir æfingar í Sinfóníuhljómsveitinni, til að drýgja tekjurnar. Um haustið tók ég inntökupróf í Tónlistarskólann í Reykjavík. Eftir að hafa leikið nokkur lög fyrir Björn Ólafsson fiðluleikara þurfti að finna annað hljóðfæri því ég var orðinn full gamall til ná einhverjum árangri á fiðlu. „Vantar ekki alltaf fagott í skólahljómsveitina?“ spurði Jón Nordal skólastjóri Björn. „Jú, hvernig list þér á að læra á fagott?“

Ég var til í að prófa og hófst síðan námið hjá Sigurði Markús-syni. Eftir tónmenntakennara- og einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík lá leiðin til Hollands til náms hjá Joep Terwey við Sweelinck-konservatóríið.

Fagottið finnst mér líkt mannsröddinni, það getur tjáð mannlegar tilfinningar á náinn hátt þegar best lætur og gegnir því oft mikilvægu hlutverki hjá mörgum af stærstu tónskáldum sögunnar.

Ég á mér ekki neina ákveðna uppáhalds tegund tónlistar; ef músíkin hreyfir við mér þá er sama hvaðan gott kemur.

Í gegnum tíðina hef ég upplifað mörg mögnuð augnablik í hljómsveitinni, þegar allt eins og smellur saman og öll hljómsveitin hreyfist sem ein heild með tengingu við áheyrendur því þeir eiga jú stóran þátt í því hvers konar orka skapast í tónleikasalnum. Ef ég hefði ekki orðið hljóðfæraleikari gæti ég trúað að ég hefði orðið ljósmyndari eða unnið við kvikmyndun.“



Síminn 

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonyan

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.

FLJÚGÐU Í FAÐM JÓLANNA

MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Á AÐVENTUNNI



Hátíðardagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu:

3. desember

AÐVENTUTÓNLEIKAR

Aðventan kemst á flug með tónleikum sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

Efnisskrá:

Albinoni – Trompetkonsert í B-dúr
Bach – Brandenburgarkonsert nr. 6
Händel – Vatnatónlistin
Mozart – Haffner-sinfónía
Bach – Vinsælir hljómsveitarþættir

Stjórnandi: Matthew Halls
Einleikari: Baldvin Oddsson

12.–13. desember

JÓLATÓNLEIKAR

Svífðu með sigildum og heillandi jólaperlum fyrir alla fjölskylduna.

Efnisskrá:

Leroy Anderson – Jólaforleikur
Ingibjörg Þorbergs – Hin fyrstu jól
Émile Waldteufel – Skautavalsinn
Lopez – Viltu koma og gera snjókar!
Sigild jólalög

Stjórnandi: Bernhárður Wilkinson
Kynnir: Trúðurinn Barbara
Einsöngvarar: Disella Lárusdóttir
og Kolbrún Völkudóttir
Ungir tónlistarmenn, kórar
og listdansarar

7.–9. janúar

VÍNARTÓNLEIKAR 2016

Fljúgðu á vinsælustu og fjölsóttustu tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Efnisskrá:

Óperettutónlist og valsar eftir
Johann Strauss, Franz Lehár og Franz
von Suppé, m.a. úr Leðurblökunni og
Kátu ekkjunn.

Stjórnandi: Ola Rudner
Einsöngvarar: Guðrún Ingimarsdóttir
og Elmar Gilbertsson

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ hátíðartónleikum í Hörpu á aðventunni. Njóttu þess að svífa inn í jólin með Sinfóníuhljómsveit Íslands og taktu nýju ári opnum örmum á fjörugum Vínartónleikum með klappi, stappi og magnaðri stemningu. Lyftu þér upp yfir hátíðarnar og bókaðu flugið núna!

Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á **SINFONIA.IS**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



FLUGFÉLAG ÍSLANDS